



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri
Ráðhúsið, Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 29. september 2017

Tilvísun í mál: RMF17080004

Bandalagi íslenskra listamanna hefur borist til umsagnar tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði þess efnis að tveir ráðsmenn fái aðkomu að fundum faghópsins sem fjallar um umsóknir um árlegar styrkveitingar ráðsins til list- og menningartengdra verkefna og gerir tillögur til ráðsins um úthlutun.

Stjórn BÍL hefur fjallað um tillöguna og mælir ekki með samþykkt hennar. Stjórnin styður það álit sitt eftirfarandi rökum:

Sú ákvörðun að fá fólk með sérþekkingu á list- og menningarstarfsemi til að fjalla um og leggja mat á styrkumsóknir til borgarinnar byggir á menningarstefnu Reykjavíkur, ekki síst 9. kafla hennar sem fjallar um vandaða stjórnsýslu þar sem áhersla er lögð á samstarf inn á við og út á við. Um starfið fer eftir sérstökum verklagsreglum sem menningar- og ferðamálaráð setur faghópnum. Fyrirkomulagið byggir einnig á hugmyndinni um hæfilega fjarlægð, sem almennt er stuðst við í úthlutun til sambærilegra verkefna hjá opinberum aðilum bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Í því sambandi má nefna V. kafla menningarstefnu sem Alþingi samþykkti 2013 og unnið er eftir í málefnum lista og menningar hjá ríkinu, en þar segir í 1. gr.: *Framlög ríkisins til verkefna á sviði menningarmála fari gegnum lögbundna sjóði með faglegum úthlutunarnefndum sem bygga úthlutun á vönduðu jafningjamati. Í stjórnnum sjóða séu viðhafðir góðir stjórnsýsluhættir, regla um hæfilega fjarlægð virt og almennum hæfisreglum fylgt.* Þessi nálgun er ítrekuð í fjárlagafrumvarpi 2018 og í nýlegri fjármálaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar. Sambærilegum reglum hefur menningar- og ferðamálaráð fylgt með því að fela téðum faghópi mat á umsóknum um stuðning til list- og menningartengdra verkefna áður en til úthlutunar kemur. Slíkt fyrirkomulag stenst kröfur menningarstefnu borgarinnar um fagmennsku og gegnsæi.

Menningar- og ferðamálaráð úthlutar styrkjum til list- og menningartengdra verkefna að fengnum tillögum faghópsins. Verklagsreglur kveða á um aðgang ráðsmanna að öllum umsóknum auk þess sem faghópurinn heldur sérstakan fund með ráðinu til að kynna tillögur sínar þar sem ráðsmenn fá rökstuðning faghópsins og geta komið að sjónarmiðum um tillögurnar. Að loknum þeim fundi fá

ráðsmenn tíma til að skoða tillögurnar áður en þær koma til formlegrar samþykktar í ráðinu. Auk þessa vinnur starfsmaður menningar- og ferðamálasviðs með hópnum í ferlinu.

Í verklagsreglum þeim sem menningar- og ferðamálaráð setur faghópnum eru útlistaðar sérstakar áherslur ráðsins, sem faghópnum ber að hafa að leiðarljósi við vinnu sína. Þannig hafa ráðsmenn tök á að hafa áhrif á tiltekna meginrætti þó mat umsóknanna og hinn faglegi rökstuðningur séu falin faghópnum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur stjórn BÍL ráðsmenn hafa talsvert um starf hópsins að segja gegnum stefnumótun og með annarri aðkomu þó þeir hafi ekki áheyrnaraðild að fundum hópsins.

Að lokum má geta þess að við afgreiðslu á list- og menningartengdum styrkjum 2016 var gerð tilraun til að gefa fulltrúum ferðaþjónustunnar aðkomu að vinnu faghópsins á lokastigum en sú tilraun þótti ekki skila neinu og var fyrirkomilagið því strax 2017 fært til fyrra horfs.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Kolbrún Halldórsdóttir
forseti